

ber 1983, en 39% ársvexti frá þeim degi til dómsuppsögudags, 10. október 1983 og hæstu lögleyfðu innlánsvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaður ákveðst kr. 9.500,00. Kröfu stefnanda um dráttarvexti á málskostnað er hafnað.

Dóminn kváðu upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari, Finnþogi Eyjólfsson bifvélavirkjameistari og Haraldur Þórðarson bifreiðasmíðameistari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sigþór Guðmundsson, Fjarðarási 24, Reykjavík, nnr. 8098-3948, greiði stefnanda, Dagbjarti M. Jónssyni, Kriuhólum 6, Reykjavík, nnr. 1516-9338, kr. 15.340,20 með 42% ársvöxtum frá 16. des. 1982 til 1. febrúar 1983, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 10. október 1983 og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og kr. 9.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. mars 1986.

Nr. 92/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Sparisjóði Kópavogs

Kærumál. Hald á skjölum. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Logi Egilsson, fulltrúi bæjarfógetans í Ólafsvík, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar sl. er barst Hæstarétti 10. þ.m. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og veðskuldabréf þau, sem hann

fjallar um, verði afhent uppboðsrétti á ný. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Í kærinni, sem rituð er af Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni fyrir hönd varnaraðila, segir að varnaraðili hafi haft veðskuldabréfin að handveði og réttur þess er setti þau að veði hafi byggst á formlega réttri framsalsröð. Varnaraðili sé grandlaus um þau atriði sem rannsókn refsímálsins beinist að.

Eigendur bréfanna standa ekki að kæru þessari.

Gögn málsins bera það með sér að krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins er dagsett 9. desember 1985 og lögð fram á dómþingi sakaðóms Ólafsvíkur næsta dag. Var krafan tekin samdægurs til úrskurðar án þess að varnaraðili væri tilkynnt um hana og gefinn kostur á að tjá sig um hana. Úrskurðurinn var svo kveðinn upp tveimur dögum síðar. Varnaraðili fékk ekki vitneskju um úrskurðinn fyrr en 14. febrúar er Gunnar Jónsson lögfræðingur, fulltrúi Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns, tók við birtingu úrskurðarins fyrir hönd varnaraðila. Kæra var afhent í skrifstofu sakadóms Reykjavíkur næsta dag.

Meðferð máls þessa og uppkvaðning úrskurðar án þess að varnaraðili, sem virðist hafa formlega heimild til veðskuldabréfa þeirra sem hald var lagt á, fengi vitneskju um kröfu rannsóknarlögreglu og ætti þess kost að tala máli sínu er svo andstæð grundvallarreglum um meðferð opinberra mála að óhjákvæmilegt þykir þegar af þeirri ástæðu að ómerkja ex officio hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju. Þess er að geta að hin umdeildu veðskuldabréf voru í vörslum héraðsdómara sem uppboðshaldara og var því engin ástæða til launungar gagnvart varnaraðila, svo sem stundum kann að vera er beitt er úrræðum VI. kafla laga nr. 74/1974.

Eftir þessum úrslitum ber að ákveða varnaraðila kærumálskostnað, 7.000,00 krónur, er greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er ómerktur og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður, 7.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði til varnaraðila, Sparisjóðs Kópavogs.

Úrskurður sakadóms Ólafsvíkur 12. desember 1985.

Með kröfu RLR ásamt greinargerð dags. 9. desember 1985 hefur þess verið krafist að Rannsóknarlögreglu ríkisins verði með úrskurði heimilað að leggja hald á 7 verðtryggð veðskuldabréf, öll útgefin 4. ágúst 1983, hvert að fjárhæð kr. 50.000.- að höfuðstól með veði í fasteigninni nr. 17 við Vallholt í Ólafsvík, 4. og 5. veðrétti, móttækin til þinglýsingar þann 8. ágúst 1983 með litranúmerum embættis sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetans í Ólafsvík nr. 1127/1983 til 1129/1983 og 1132/1983 til 1135/1983.

Skuldari bréfanna er Kristjana Guðmundsdóttir, nnr. 5903-0582 og kröfuhafi Jóhanna J. Heiðdal, nnr. 5026—5846. Bréf þessi eru í vörslu embættis sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetans í Ólafsvík vegna nauðungaruppboðs á umræddri fasteign að Vallholti 17, Ólafsvík. Bréfin voru send embættinu af Gunnari Jónssyni lögfr. f.h. Sparisjóðs Kópavogs.

— — —

Rannsókn vegna RLR-málsins nr. 106/1984 er enn ólokið. Vegna hinna miklu réttarhagsmuna, sem þykja liggja fyrir í máli þessu og í þágu rannsóknar þess, allt samkvæmt ofanrituðu og með vísan til fyrirbyggjandi gagna málsins, og þar sem skilyrðum 43. gr. laga nr. 74/1974 um hald þykir vera fullnægt og þar sem nauðsynlegt er að frumrit veðskuldabréfanna verði lögð fram við rannsóknina, ber að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um hald og því

ú r s k u r ð a s t:

Rannsóknarlögreglu ríkisins skal vera heimilt að leggja hald á framangreind 7 verðtryggð veðskuldabréf merkt ltr. 1127/1983 til 1129/1983 og 1132/1983 til 1135/1983 í þágu rannsóknar málsins.
